

Fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 16. janúar 2023

Fundarmenn: Axel Árnason Njarðvík, Árni Helgason, Birgir Gunnarsson og Einar Már Sigurðarson.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. **Fyrri fundargerð**

Lögð var fram fundargerð frá fundi framkvæmdanefndar þann 19. desember 2022 og hún samþykkt samhljóða.

2. **Fasteignamál**

Hlíðarvegur 42, Ólafsfirði: BG lagði fram kauptilboð sem barst í eignina. Samþykkt var að taka tilboðinu enda metur framkvæmdanefnd það svo að söluheimild liggi fyrir.

Fellsmúli: BG lagði fram deiliskipulagstillögu frá Matorku. Samþykkt var að BG veiti samþykki fyrir hönd Þjóðkirkjunnar á deiliskipulagstillögunni.

Mosfell í Mosfellsdal: BG lagði fram beiðni um lóð úr jörðinni fyrir gróðurhús. Ákveðið að hafna erindinu á grundvelli þess að ekki liggur fyrir skipulag á svæðinu.

Hof: Rætt var um stöðu mála vegna áforma um að byggja nýtt veiðihús í landi Hofs.

Hjarðarhagi 30: Rætt var um kvöð sem áður hvíldi á eigninni og mögulega sölu eignarinnar. BG og EG falið að skoða málið nánar.

3. **Starfsmannamál**

Fært í trúnaðarbók.

4. **Stjórnskipulag Þjóðkirkjunnar**

Rætt var um stjórnskipulag Þjóðkirkjunnar. Ákveðið að skoða málið nánar og fá Bjarna Snæbjörn á fund nefndarinnar.

5. **Rekstrarniðurstaða**

Rætt var um rekstrarniðurstöðu fyrstu 11 mánuði ársins 2022.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:15. Boðað verður til næsta fundar.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstarstofu.